

Fimmtudaginn 2. október 1997.

Nr. 465/1996.

Hagkaup hf.

(Ásgeir Þór Árnason hrl.)

gegn

Guðmundi P. Pálssyni

(Ásgeir Thoroddsen hrl.)

Verksamningur. Uppsögn. Vanreifun. Frávísun máls frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember 1996 og krefst aðallega sýknu, en til vara, að kröfur stefnda verði lækkaðar. Einnig krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Samkvæmt verksamningi þeim, sem aðilar undirrituðu 20. janúar 1994, tók stefndi að sér að sjá um að panta vissar tegundir varnings til verslunar áfrýjanda í Kjörgarði, koma þeim vörum fyrir í hillum, halda innréttingum hreinum, fjarlægja gallaðar vörur svo og að þvo gólf á tilgreindum hluta húsnæðis verslunarinnar. Verk þetta skyldi unnið að kvöld- og næturlagi, en vinnutími vera í samráði við verslunarstjóra. Í samningnum segir, að verktaki ráði til sín starfsmenn eftir þörfum. Samningurinn skyldi gilda til 1. janúar 1995, en eftir það falla úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Þá eru ákvæði þess efnis, að verkkaupa sé heimilt að segja samningnum upp fyrirvaralaust, ef verktaki sinnir ekki nánar tilgreindum verkskyldum.

Í héraðsdómi er rakið efni uppsagnarbréfa, sem Sigurður Reynaldsson, verslunarstjóri áfrýjanda, ritaði stefnda 30. júní og 22. júlí 1994. Í dóminum er einnig gerð grein fyrir vanefndum, er áfrýjandi telur, að orðið hafi af hálfu stefnda.

Sannað er með framburði vitna, að hvorki stefndi né nokkur í

hans stað hafi komið til vinnu kvöldið fyrir og aðfaranótt föstudagsins 29. júlí 1994, en þá fór verslunarmannahelgi í hönd. Með vísun til forsendna héraðsdóms er fallist á, að atvik þetta skipti ekki máli um lögmæti uppsagnarinnar. Verður því hér á eftir aðeins fjallað um þau atriði, sem skipta máli um staðhæfingar um vanefndir, áður en verksamningnum var sagt upp.

II.

Fyrir dómi greindi Sigurður Reynaldsson verslunarstjóri frá ýms-um ávirðingum, sem hann kvað stefnda hafa gerst sekan um við verk sitt fyrir áfrýjanda. Helgi Sigurður Haraldsson, er var deildarstjóri matvörudeildar í verslun áfrýjanda á þeim tíma, sem hér um ræðir, sagði fyrir dómi, að stefndi hefði staðið sig ágætlega í byrjun samningstímabilsins, en þegar á leið, hafi áhugi hans og athygli virst minnka, bæði um pantanir og röðun í hillur. Í lok starfstímans hafi ástandið ekki verið nógu gott. Deildarstjórinn lýsti því einnig, að stefndi hefði margsinnis vanrækt að þvo gólf.

Skýrsla stefnda fyrir dómi er mjög á annan veg, og bar hann á móti því að hafa vanefnt starfsskyldur sínar. Framburður Bjarna Jóhanns Þórðarsonar, aðstoðarmanns stefnda, styður frásögn hans í aðalatriðum. Þá er þess að geta, að í júní 1994 sömdu málsaðilar um, að stefndi bætti við sig því verkefni að annast sambærilega þjónustu varðandi snyrtivörur í verslun áfrýjanda. Skyldi hann fá sérstaka greiðslu fyrir það. Viðaukasamningur þessi, sem gerður var munnlega, styður fullyrðingar stefnda um, að hann hafi skilað verki sínu svo, að viðunandi væri fyrir áfrýjanda.

Verslunarstjórinn og deildarstjórinn segjast báðir hafa ofsinnis veitt stefnda munnlega áminningu, en óumdeilt er í málinu, að hann hafi ekki verið áminntur skriflega. Stefndi og áðurnefndur aðstoðarmaður hans þvertaka fyrir, að þeim hafi borist kvartanir vegna starfa sinna frá yfirmönnum í versluninni.

Ekki er nægilega sannað, að stefndi hafi gerst sekur um verulegar vanefndir á samningi málsaðila. Verður áfrýjandi að bera halla af því, að hann tryggði sér ekki fullgildar sannanir um vanefndir af hálfu stefnda. Fallist er á röksemdir héraðsdóms um annmarka á uppsagnarbréfunum 30. júní og 22. júlí 1994. Verður samkvæmt framansögðu að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að áfrýjanda

hafi verið óheimilt að segja verksamningnum upp og hann hafi með því bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart stefnda.

III.

Stefndi gerði þá kröfu í stefnu í héraði, að áfrýjandi greiddi sér bætur, samtals að fjárhæð 1.120.500 krónur, auk nánar tilgreindra dráttarvaxta. Stefnufjárhæðina skýrði hann svo, að krafist væri greiðslu á 224.100 krónum á mánuði fyrir tímabilið frá 1. ágúst til ársloka 1994, en samkvæmt verksamningnum skyldu verklaun stefnda nema mánaðarlega 180.000 krónum auk 24,5% virðisauka-skatts, sem stefndi telur ranglega, að leggja beri á skaðabótakröfuna. Enginn ágreiningur er um, að allur kostnaður stefnda af því að efna samninginn fyrir sitt leyti var innifalinn í umsömdum greiðslum. Stefndi hefur ekki lagt fram rekstrarreikning, sem fylgt hafi skattframtali hans vegna ársins 1994. Hann hefur ekki heldur á annan hátt gert viðhlítandi grein fyrir launum, sem hann greiddi starfsmönnum sínum, eða öðrum útlögðum kostnaði á tímabilinu frá 1. janúar til 31. júlí 1994. Þá liggur ekki fyrir greinargerð af hálfu stefnda um áætlaðan kostnað við öflun tekna á þeim tíma, sem eftir var af samningstímabilinu. Ekkert er komið fram um, hvort stefndi þurfti að greiða aðstoðarmanni, einum eða fleirum, bætur vegna missis vinnulauna, eftir að áfrýjandi sleit verksamningnum. Samkvæmt þessu er ekki unnt að taka afstöðu til þess, hve mikið tjón stefndi kann að hafa beðið af völdum samningsslitanna.

Af þessum ástæðum eru slíkir annmarkar á kröfugerð stefnda, að ekki verður felldur dómur á þær. Verður þess vegna að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi. Rétt þykir, að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.